

3. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða kr. 1 100,00 gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

4. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

5. gr.

Söluskattur 25% er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á c-liðum, húshitun.

6. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. mars 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 515, 18. nóvember 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 22. febrúar 1988.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Árni P. Árnason.

REGLUGERÐ

um fylgiréttargjald og starfslaunasjóð myndlistarmanna.

1. gr.

Við söluverð málverka svo og annarra myndverka og listmuna á listmunauppboðium leggst sérstakt fylgiréttargjald er nemur tíu af hundraði (10%) af andvirði hins selda. Fylgiréttargjaldið fellur í hlut höfundar viðkomandi verks eða erfingja hans að honum látnum. Réttindi skv. 3. gr. laga um listmunauppboð eru ekki framseljanleg.

Sé höfundaréttur fallin niður eða verði fénu ekki ráðstafað eftir þeim reglum sem reglugerð þessi kveður nánar á um, rennur það í sérstakan sjóð, Starfslaunasjóð myndlistarmanna, sbr. 5. gr. reglugerðar þessarar.

Eigi íslenska ríkið höfundarétt að verki, sem selt er á listmunauppboði, skal fylgiréttargjaldið renna í Starfslaunasjóð myndlistarmanna.

2. gr.

Listaverk, sem falla undir gjaldskyldu skv. 3. gr. laga um listmunauppboð nr. 36/1987 eru öll málverk, þ.e. frumverk, sem gerð eru með olíulitum, akryllitum, tempera, vatnslitum, gouache og pastellitum svo og myndverk, sem gerð eru með annarri tækni.

Ennfremur tekur greinin til höggmynda sé um að ræða frummynd eða merкта afsteypu í bronze, gips, terrakotta, leir, stein, marmara, tré, járn eða sérhvert annað efni. Gjaldi skal einnig svara af merktum og ómerktum teikningum listamanna, þ.e. blýants-, blek-, tusch-, krítar og kolateikningum svo og annars konar teikningum og einnig af hvers konar graffískum listaverkum, svo sem lithografíum, koparstungum, ætingum, raderingum, tréþrykkjum, svo og hvers konar öðrum grafíkverkum, enda séu verkin merkt af viðkomandi listamanni. Gjaldtaka þessi nær einnig til myndvefnaðar, textilverka, gler- og mósaikmynda svo að leir-, keramik-, postulíns-, silfur- og gullverka þó teljast til listiðnar, enda sé um frumverk að ræða og það merkt af viðkomandi listamanni.

3. gr.

Gjaldtakan nær til sölu allra verka, sem um getur í 2. gr. reglugerðar þessarar á listmunauppboðum, hvort sem höfundur þeirra er íslenskur eða erlendur ríkisborgari.

Ef verk eftir erlendan höfund er selt á listmunauppboði á hann því aðeins rétt til greiðslu fylgiréttargjalds að íslenskir höfundar njóti sams konar réttinda í heimalandi hans. Annars rennur fylgiréttargjaldið í Starfslaunasjóð myndlistarmanna.

4. gr.

Allir sem fá leyfi til þess að halda listmunauppboð sbr. 1. og 2. gr. laga um listmunauppboð nr. 36/1985 skulu skila stjórn Starfslaunasjóðs myndlistarmanna skilagrein um alla sölu listaverka á listmunauppboðunum ásamt nafni og auðkennum verks, stærð þess og öðrum upplýsingum úr uppboðsskrá svo og um höfund verksins og söluverð þess. Með skilagrein þessari skal fylgja greiðsla fylgiréttargjalds og skal uppboðshaldari inna hvort tveggja af hendi eigi síðar en 7 dögum eftir lok uppboðsdags. Uppboðshaldari er ábyrgur fyrir greiðslu fylgiréttargjaldsins.

5. gr.

Starfslaunasjóður myndlistarmanna annast innheimtu fylgiréttargjaldsins skv. 3. gr. laga um listmunauppboð nr. 36/1987 svo og skil þess til viðkomandi myndlistarmanna án ástæðulauss dráttar. Sé höfundaréttur fallinn niður eða fénu verður ekki ráðstafað með því að ekki er unnt að hafa upp á viðkomandi listamanni, skal verja fénu til starfslauna handa listamönnum sbr. 7. gr. þessarar reglugerðar, enda liggi samþykki stjórnar fyrir. Sjóðnum er heimilt að taka að sér innheimtu annars konar endurgjalds fyrir höfundarétt skv. sérstöku samþykki stjórnar sjóðsins.

Menntamálaráðherra getur ákveðið að sjóðurinn taki að sér að reka víðtækari starfslaunasjóð fyrir myndlistarmenn.

Séu erfingjar látins höfundar sem fá á greiðslu skv. 3. gr. laga um listmunauppboð nr. 36/1987, fleirir en einn, skal veita einum þeirra umboð til þess að taka við greiðslu úr sjóðnum.

6. gr.

Stjórn Starfslaunasjóðs myndlistarmanna, sem skipuð er til tveggja ára af menntamálaráðherra, skipa þrír menn, tveir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra myndlistarmanna og einn, sem skipaður er án tilnefningar. Menntamálaráðherra skipar formann stjórnar. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Fundur stjórnar Starfslaunasjóðs myndlistarmanna er lögmatúr ef löglega er til hans boðað og þrír stjórnarmanna sitja fundinn. Afl atkvæða ræður úrslitum mála hjá sjóðsstjórn. Halda skal gerðabók um stjórnarfundi.

Stjórninni er heimilt að ráða starfsmann gegn hæfilegri þóknun til þess að annast framkvæmd á innheimtu fylgiráttargjaldsins og skilum á því til viðkomandi listamanna.

Stjórn Starfslaunasjóðs myndlistarmanna er heimilt að ákveða hæfilegt endurgjald vegna innheimtu og skila á fylgiráttargjaldi sbr. 5. gr. reglugerðar þessarar, er nemi þó aldrei meiru en 15% af því fylgiráttargjaldi sem innheimt er.

7. gr.

Stjórn Starfslaunasjóðs myndlistarmanna úthlutar starfslaunum úr sjóðnum að fengnum tillögum þriggja manna ráðgjafarnendar, sem stjórn og fulltrúaráð SÍM tilnefnir til tveggja ára frá mismunandi myndlistargreinum. Starfslaun skal að jafnaði ekki veita til lengri tíma en eins árs í senn.

Stjórn Starfslaunasjóðs myndlistarmanna auglýsir eftir umsóknum um starfslaun í maímánudí á hvert. Stjórnin lætur gera sérstök eyðublöð fyrir umsóknir um starfslaun úr sjóðnum. Að öðru leyti ákveður stjórnin og tiltekur í auglýsingu hvaða upplýsingar skulu fylgja umsókn.

Stjórnin ákveður í hverju tilviki hvernig útborgun starfslauna skuli háttað.

Stjórnin skal taka árlega saman skýrslu um starfsemi sjóðsins, sem skal geyma endurskoðaðan ársreikning og skrá um úthlutanir vegna starfslaun úr sjóðnum. Skýrslan skal send menntamálaráðuneytinu og Sambandi íslenskra myndlistarmanna.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. lögum.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. og 7. gr. laga nr. 36/1987 og öðlast hún þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 11. febrúar 1988.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um meistaranám og útgáfu meistarábréfa.

1. KAFLI

Meistaranám.

1. gr.

Markmið meistaranáms er að veita fræðslu og þjálfun þeim sem lokið hafa sveinsprófi svo að þeir geti staðið fyrir sjálfstæðum rekstri í iðngrein sinni, stjórnað verkum og kennt nýliðum vinnubrögð, öryggisreglur og iðnfræði.

2. gr.

Meistaranám fer fram í iðnfræðsluskólum að fenginni heimild ráðherra. Nám þetta skal skipuleggja sem eðlilegt framhald iðnnáms og sé það eftir því sem við verður komið tengt iðnfræði- og tæknifræðinámi.